

Stjórnun og starfsmannamál ríkisstofnana

Niðurstöður könnunar á
viðhorfum forstöðumanna

Annar hluti



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ



HÁSKÓLI ÍSLANDS

STOFNUN STJÓRNSÝSLUFRÆÐA
OG STJÓRNMÁLA

Stjórnun og starfsmannamál ríkisstofnana

Niðurstöður könnunar á
viðhorfum forstöðumanna

Annar hluti

Febrúar 2008

Stjórnun og starfsmannamál ríkisstofnana – niðurstöður viðhorfskönnunar, 2008
Annar hluti
ISBN: 978-9979-820-60-4
2008, fjármálaráðuneytið
Aðalhöfundur og ritstjóri: Ómar H. Kristmundsson
Rit þetta er gefið út á vef fjármálaráðuneytisins en ekki í prentaðri útgáfu.

Nánari upplýsingar um útgefið efni fjármálaráðuneytisins
er að finna á vefsíðunni <http://www.fjarmalaraduneyti.is>.

Efnisyfirlit

HELSTU NIÐURSTÖÐUR	7
INNGANGUR.....	8
UM GILDI KÖNNUNARINNAR	8
SPURNINGALISTAR	8
ÞÁTTTÖKUSKILYRÐI OG ÞÁTTTAKENDUR	9
FRAMKVÆMD OG SVARHLUTFALL	9
TRÚNAÐUR	10
EFNISTÖK	10
ÞAKKIR	10
NIÐURSTÖÐUR.....	11
SKIPULAG STARFSMANNAMÁLA	11
STARFSMANNASTEFNA	12
STARFSLÝSINGAR OG UPPHAF STARFS	17
STARFSÞRÓUN	20
STARFSMANNASAMTÖL OG MAT Á FRAMMISTÖÐU	22
MAT FORSTÖÐUMANNA Á GAGNSEMI AÐFERÐA VIÐ MANNAUÐSSTJÓRNUN	25
VIÐAUKI 1 – NIÐURSTÖÐUTÖFLUR.....	27
VIÐAUKI 2 – ÞÁTTTÖKUSTOFNANIR	62

Helstu niðurstöður

- Þegar á heildina er litið er algengast að stjórnun starfsmannamála sé að mestu eða öllu leyti í höndum forstöðumanns. Hjá rúmum þriðjungi stofnana eru þessi verkefni í höndum starfsmannasviðs, rekstrarsviðs, fjármálasviðs eða sambærilegra eininga.
- Hjá 21% stofnana sinnir sérstakur starfsmaður eingöngu starfsmannamálum og ber starfsheitið starfsmannastjóri eða annað sambærilegt. Samkvæmt könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 1998 var hlutfallið 14%.
- Nær allir forstöðumenn sem tóku þátt í könnuninni töldu að starfsmannamál gegndu mikilvægu hlutverki hjá stofnuninni.
- Hjá meirihluta stofnana, eða 63%, er í gildi skrifleg starfsmannastefna. Áberandi er að fámennar stofnanir hafa sjaldnast skriflega starfsmannastefnu eða um 23% stofnana með innan við 20 ársverk.
- Oftast, eða í um 9 af hverjum 10 tilvikum, inniheldur starfsmannastefna ákvæði um jafnrétti, samskipti á vinnustað og starfsaðstöðu og vinnuaðbúnað. Sjaldnast er fjallað um framtíðaráætlanir um starfsmannabörf, laun eða starfslok.
- Fjórðungur forstöðumanna er mjög sammála því að starfsmannastefnu sé fylgt eftir, rúmur helmingur er frekar sammála.
- Hjá u.þ.b. tveimur stofnunum af hverjum þremur eru í gildi skriflegar starfslýsingar fyrir alla starfsmenn. Einungis í 7-8% tilvika eru starfslýsingar ekki til.
- Tæplega 30% stofnana hafa á undanförunum tveimur árum leitað til ráðningarskrifstofa vegna auglýsinga um umsóknir um stjórnunarstörf en 36% vegna umsókna um önnur störf. Minni stofnanir nýta sér oftast en þær stærri þjónustu ráðningarskrifstofa vegna ráðninga annarra starfsmanna en stjórnenda.
- Hjá 42% stofnana eru oft eða nær alltaf notaðir gátlistar við móttöku nýliða en 39% stofnana nota aldrei slíka lista. Algengast er að stuðst sé við hefðbundnar aðferðir þegar nýjum starfsmönnum er leiðbeint, þ.e. þeir fá aðstoð vinnufélaga eða yfirmanns.
- Árið 2007 var helmingur ríkisstofnana með skriflegar sí- og endurmenntunaráætlanir fyrir starfsmenn sína, 27% með áætlun fyrir stofnunina í heild, 21% fyrir skilgreinda hópa innan stofnunar og 17% fyrir einstaka starfsmenn.
- Niðurstöður könnunar meðal forstöðumanna ríkisstofnana sýna að starfsmannasamtöl hafa fest sig í sessi sem aðferð við mannauðsstjórnun. Hjá helmingi ríkisstofnana fara starfsmannasamtöl fram einu sinni eða oftast á ári, hjá um þriðjungi á tveggja ára fresti eða sjaldnar.
- Hjá tæpum helmingi þátttökustofnana er frammistaða starfsmanna metin með skipulögðum hætti. Hlutfallið er misjafnt eftir stofnanaflokkum. Fengið var mat forstöðumanna á því hvort tekið væri á ófullnægjandi frammistöðu starfsmanna hjá stofnun þeirra. Alls 65% forstöðumanna voru því sammála, þar af 13% mjög sammála.

Inngangur

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður könnunar sem framkvæmd var meðal forstöðumanna ríkisstofnana vorið 2007. Í skýrslunni er fjallað um stjórnun mannauðsmála hjá ríkisstofnunum, nánar tiltekið um skipulag starfsmannamála, starfsmannastefnu, starfslýsingar, upphaf starfs, þ.m.t. ráðningarferil, starfsþróun og starfsmannasamtöl. Þá var fengið mat forstöðumanna á gildi aðferða við mannauðstjórnun.

Markmiðið með könnun meðal forstöðumanna var að safna upplýsingum um mikilvæga þætti í starfsemi ríkisstofnana sem varða stjórnun starfsmannamála, stefnumótun, árangursstjórnun og önnur verkefni forstöðumanna. Gerð er grein fyrir niðurstöðum í þremur skýrslum og er þessi önnur í röðinni. Í fyrstu skýrslunni, sem var gefin út í október 2007, var rætt um niðurstöður á mati forstöðumanna á fyrirkomulagi launaákvæðana, stjórnunarlegu svigrúmi þeirra og samskiptum við ráðuneyti. Lokaskýrslan tekur til viðhorfs forstöðumanna til eigin starfsþróunar og starfsumhverfis. Nánari úrvinnsla gagna mun fara fram hjá Háskóla Íslands og í fjármálaráðuneytinu.

Könnun meðal forstöðumanna var samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands. Umsjón með verkefninu og ritun skýrslu var í höndum dr. Ómars H. Kristmundssonar. Eva H. Önnudóttir stjórn málafræðingur sá um úrvinnslu og uppsetningu taflna í viðauka. Lilja Þorgeirsdóttir MPA aðstoðaði við frágang skýrslunnar. Af hálfu fjármálaráðuneytisins unnu að verkefninu Ágústa H. Gústafsdóttir og Sverrir Jónsson.

Um gildi könnunarinnar

Könnunin er hluti af stærri rannsókn sem felst í því að kortleggja starfsumhverfi ríkisstarfsmanna. Rannsóknin hefur margvíslegt gildi eins og lesa má um í skýrslu fjármálaráðuneytisins og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands sem var gefin út í apríl 2007 (sjá vef fjármálaráðuneytisins). Með svokallaðri forstöðumannakönnun er í fyrsta skipti safnað heildstæðum upplýsingum um flesta þá þætti sem varða stjórnun og stjórnunartengda þætti hjá ríkisstofnunum. Þessar upplýsingar munu nýtast við mótun stefnu í starfsmannamálum og við þróun stjórnunar aðferða hjá ríkinu. Skýrslan er jafnframt mikilvægt stöðumat sem nýtist til samanburðar þegar skoðað verður í framtíðinni hvernig stjórnunarhættir ríkisins hafa þróast. Hún hefur jafnframt fræðilegt gildi á sviði opinberrar stjórnsýslu og mannauðsstjórnunar.

Spurningalistar

Tveir spurningalistar voru sendir til forstöðumanna. Fyrri listanum svöruðu forstöðumenn undir heiti stofnana sinna. Spurt var um ýmsar staðreyndir varðandi fyrirkomulag stjórnunar og starfsmannamála hjá þeim. Seinni spurningalistinn var nafnlaus og snerist um viðhorf forstöðumanna til ýmissa þátta í starfsumhverfi þeirra. Í þessari skýrslu er einkum fjallað um niðurstöður úr fyrri listanum.

Í fyrri spurningalistanum, staðreyndarhluta, var spurt um eftirfarandi:

- Skipulag starfsmannamála.
- Starfslýsingar, ráðningar og móttöku nýliða.
- Sí- og endurmenntun.
- Starfsmannasamtöl og frammistöðumat.

- Starfsmannastefnu.
- Samskipti við samstarfsaðila.
- Árangursstjórnun, stefnumótun og árangursmat.
- Verkefni forstöðumanns.
- Bakgrunn forstöðumanns.

Í síðari spurningalistanum, viðhorfahluta, var spurt um:

- Verkefni forstöðumanns.
- Stjórnunarhætti forstöðumanns.
- Starfsþróun forstöðumanns.
- Samskipti við ráðuneyti.
- Mat forstöðumanns á fyrirkomulagi stjórnunar og starfsmannamála hjá ríkinu.

Þáttökuskilyrði og þátttakendur

Könnunin takmarkaðist við stofnanir framkvæmdarvalds sem höfðu fimm eða fleiri starfsmenn. Skilyrði uppfylltu 192 stofnanir með jafnmarga forstöðumenn. Hér er um að ræða önnur viðmiðunarmörk en í könnun sem lögð var fyrir aðra ríkisstarfsmenn haustið 2006.

Þáttökustofnanir eru flokkaðar eftir meginviðfangsefnum sem eru eftirfarandi:

- Æðsta stjórnýsla.
- Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi.
- Stofnanir skatta- og tollamála.
- Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta.
- Heilbrigðisstofnanir.
- Stofnanir félags- og lýðheilsamála.
- Framhalds- og háskólar.
- Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir.
- Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála.

Þáttökustofnunum var einnig skipt niður eftir stærð mældri í ársverkum:

- Innan við 20 ársverk.
- 20-49 ársverk.
- 50-99 ársverk.
- 100 ársverk eða fleiri.

Listi yfir þáttökustofnanir og skiptingu í flokka er að finna í viðauka 2.

Framkvæmd og svarhlutfall

Fyrirlagning könnunarinnar hófst 16. mars 2007 og fór hún fram á netinu. Forstöðumenn fengu send tvö tölvuskeyti, sem innihéldu hvort sinn spurningalista. Síðustu svör bárust í júlí 2007. Af 192 forstöðumönnum svöruðu 157 viðhorfahluta könnunarinnar og var svarhlutfall því 82%. Svarhlutfall staðreyndahluta könnunarinnar var 84%.

Tafla 1: Svarhlutfall

Stofnanahópur	Þýði	Viðhorfahluti		Staðreyndahluti	
		Svör	Hlutfall	Svör	Hlutfall
Æðsta stjórnslósla	15	13	87%	11	73%
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	29	24	83%	27	93%
Stofnanir skatta- og tollamála	13	9	69%	8	62%
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	11	6	55%	9	82%
Heilbrigðisstofnanir	23	22	96%	18	78%
Stofnanir félags- og lýðheilsamála	20	12	60%	13	65%
Framhalds- og háskólar	33	29	88%	29	88%
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	16	15	94%	13	81%
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	32	26	81%	28	88%
Vantar upplýsingar um stofnanaflokk		1		6	
Samtals	192	157	82%	162	84%

Trúnaður

Könnunin var lögð fyrir á netinu með vefkönnunarforritinu Outcome og bærust svör beint til ParX viðskiptaráðgjafar IBM. Könnunarhugbúnaðurinn aðgreinir netföng og svör svo ekki er hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda. Farið er með einstök svör sem trúnaðarmál. Til að tryggja nafnleynd og trúnað eru niðurstöður viðhorfahluta spurningalistans eingöngu birtar sundurliðaðar eftir tilteknum stofnana- og stærðarflokkum.

Efnistöð

Uppbygging skýrslunnar er í svipuðum dúr og í skýrslum sem fjármálaráðuneytið og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands gáfu út í apríl og október 2007. Sundurgreiningu á einstökum niðurstöðum er haldið í lágmarki. Áhersla er lögð á að lýsa talnaefni á myndrænu formi. Sundurgreiningu eftir stofnana- og stærðarflokkum er að finna í viðauka 2. Spurningalistar sem könnunin byggist á er að finna á vef fjármálaráðuneytisins undir heitinu könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna.

Þakkir

Fjöldi fólks tók þátt í undirbúningi og framkvæmd verkefnisins. Ýmsir aðstoðuðu við gerð og forprófun spurningalista og yfirlestur handrits og stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta hlupu undir bagga við gagnasöfnun. Þá lagði Félag forstöðumanna ríkisstofnana verkefnisstjórninni lið á öllum stigum verkefnisins. Öllum þessum aðilum eru færðar þakkir. Aðstandendur könnunarinnar vilja síðast en ekki síst þakka forstöðumönnum og aðstoðarmönnum þeirra sem gáfu sér tíma til að taka þátt í könnuninni.


Niðurstöður

Kaflinn skiptist í sex hluta. Fyrst er fjallað um skipulag starfsmannamála hjá ríkisstofnunum, næst um starfsmannastefnu, mótun hennar og innihald, og jafnréttisáætlanir. Þriðji hlutinn fjallar um starfslýsingar og upphaf starfs. Þá er skýrt frá því hve mikið er leitað til ráðningarskrifstofa, hvaða aðferðir eru notaðar við mat á umsækjendum og hvernig starfsmönnum er leiðbeint þegar þeir hefja starf. Í fjórða hlutanum er umfjöllun um fyrirkomulag starfspróunar hjá ríkisstofnunum. Fimmti hlutinn er um starfsmannasamtöl og aðferðir við mat á frammistöðu starfsmanna. Í síðasta hlutanum kemur fram mat forstöðumanna á gildi mannauðsaðferða fyrir þá ríkisstofnun sem þeir veita forstöðu. Meginniðurstöðum er lýst á myndrænu formi en sundurgreining þeirra eftir stofnana- og stærðarflokkum er að finna í töflum í viðauka 2.

Skipulag starfsmannamála


Þegar á heildina er litið er algengast að stjórnun starfsmannamála sé að mestu eða öllu leyti í höndum forstöðumanns. Hjá rúmum þriðjungi stofnana eru þessi verkefni í höndum starfsmannasviðs, rekstrarsviðs, fjármálasviðs eða sambærilegra eininga. Hjá 2 stofnunum af hverjum 10 er annað fyrirkomulag, t.d. sameiginleg umsjón forstöðumanns og starfsmannastjóra eða framangreindra sviða. Mikill breytileiki er á fyrirkomulagi stjórnunar starfsmannamála eftir stærð stofnana. Hjá tæplega 9 af hverjum 10 stofnunum með innan við 20 ársverk er stjórnun starfsmannamála að mestu eða öllu leyti í höndum forstöðumanna. Fyrirkomulagið er annað hjá stofnunum með 100 ársverk eða fleiri en þar eru starfsmannamál í höndum forstöðumanns hjá eingöngu 2 stofnunum af hverjum 10. Hjá þriðjungi þeirra heyrir stjórnun starfsmannamála undir sérstakt starfsmannasvið.

Mynd 1: Undir hvaða starfseiningu heyrir stjórnun starfsmannamála hjá stofnun þinni? Samanburður eftir stærð stofnana. (%)



Hjá 21% stofnana sinnir sérstakur starfsmaður eingöngu starfsmannamálum og ber starfsheitið starfsmannastjóri eða annað sambærilegt en samkvæmt könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 1998 var hlutfallið 14%. Eins og búast má við fer hlutfallið eftir stærð stofnana. Alls 59% stofnana með 100 ársverk eða fleiri hafa starfsmann sem sinnir þessum málum eingöngu. Hlutfallið er 21% hjá stofnunum með 50-99 ársverk en 8-9% hjá stofnunum með færri en 50 ársverk. Sérstaklega var spurt um hver hefði umsjón með ráðningarmálum. Flestir nefndu að þau væru í höndum forstöðumanns en einnig var nefnt að næstráðendur, starfsmannastjórar og/eða starfsmannasvið sinntu ráðningum.


Mynd 2: Er sérstakur starfsmaður hjá stofnunni sem sinnir eingöngu starfsmannamálum og ber starfsheitið starfsmannastjóri eða annað sambærilegt? Samanburður eftir stærð stofnana. (%)



Starfsmannastefna


Nær allir forstöðumenn sem tóku þátt í könnuninni töldu að starfsmannamál gegndu mikilvægu hlutverki hjá stofnuninni. Þessi áhersla endurspeglast í þeirri niðurstöðu að hjá meirihluta stofnana, eða 63%, er í gildi skrifleg starfsmannastefna. Þegar starfsmenn, aðrir en forstöðumenn, voru spurðir sömu spurningar í desember 2006 töldu 54% að slík stefna væri í gildi hjá ríkisstofnun sem þeir störfuðu hjá. Árið 1998 var hlutfallið 20% samkvæmt könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna. Stofnunum sem hafa skriflega starfsmannastefnu virðist því hafa fjölgað verulega á aðeins átta árum. Áberandi er að fámennar stofnanir hafasjaldnast skriflega starfsmannastefnu eða um 23% stofnana með innan við 20 ársverk. Hjá um helmingi stofnana þar sem í gildi er starfsmannastefna hefur hún verið endurskoðuð á gildistímanum.

Mynd 3: Er stofnunin með skriflega starfsmannastefnu? Samanburður eftir stærð stofnana. (%)




Spurt var hverjir hefðu tekið þátt í mótun starfsmannastefnu. Forstöðumenn komu oftast að mótun hennar og tóku nær allir mikinn eða töluverðan þátt en það er þó breytilegt eftir stærð stofnana. Hjá fjölmennustu stofnununum kom einungis um helmingur forstöðumanna mikið að mótun stefnunnar enda má gera ráð fyrir að þungi þessarar vinnu liggja hjá starfsmannastjóra og/eða starfsmannasviði. Um 1/3 annarra stjórnenda tóku mikinn þátt í gerð stefnunnar og tæpur fjórðungur tók töluverðan þátt. Fjórðungur annarra starfsmanna tók mikinn þátt í gerð stefnunnar en um þriðjungur lítinn þátt. Í um fjórðungi tilvika kom utanaðkomandi ráðgjafi að mótun stefnunnar en algengast var að fjölmennustu stofnanirnar nýttu sér slíka þjónustu. Afar sjaldgæft var að ráðuneyti tæki þátt í mótun starfsmannastefnu stofnana sinna.

Mynd 4: Hverjir tóku þátt í mótun starfsmannastefnunnar? (%)




Í könnuninni var spurt um hvaða efniviður hefði verið notaður við mótun starfsmannastefnu. Á neðangreindri mynd kemur fram að algengast er að gildandi heildarstefna og markmið stofnunar sé höfð til hliðsjónar en jafnframt lög og óskráðar reglur eða hefðir innan stofnunar. Hjá 8 stofnunum af hverjum 10 var mikið eða talsvert stuðst við starfsmannastefnu annarra stofnana eða fyrirtækja. Í um helmingi tilvika voru kjarasamningar mikið eða talsvert hafðir til hliðsjónar.

Mynd 5: Hvaða efniviður var notaður við mótun starfsmannastefnunar? (%)




Samkvæmt könnuninni nær starfsmannastefna ríkisstofnana í langflestum tilvikum til þeirra þátta sem venjan er að slík stefna innihaldi. Oftast, eða í um 9 af hverjum 10 tilvikum, inniheldur starfsmannastefna ákvæði um jafnrétti, samskipti á vinnustað, starfsaðstöðu og vinnuaðbúnað. Sjaldnast er fjallað um framtíðaráætlanir um starfsmannþörf, laun eða starfslok.

Mynd 6: Til hvaða þátta tekur starfsmannastefnan? (%)




Algengast er að starfsmannastefnu sé komið á framfæri við nýliða (60%). Hún er einnig aðgengileg í upplýsingakerfi stofnunar, svo sem innri vef, á vefsíðu eða í sérstakri starfsmannahandbók. Einnig er henni komið á framfæri á fundum með starfsfólki.

Mynd 7: Hvar/hvernig er starfsmannastefnunni komið á framfæri við starfsfólk? (%)




Fjórðungur forstöðumanna var mjög sammála því að starfsmannastefnu væri fylgt eftir, rúmur helmingur var frekar sammála. Í könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 2006 töldu 2 starfsmenn af hverjum 10 að henni væri að mestu eða öllu leyti fylgt, sex að henni væri fylgt að hluta en 2 af hverjum 10 töldu svo ekki vera.

Mynd 8: Mat forstöðumanna á staðhæfingunni „Starfsmannastefnu stofnunarinnar er framfylgt“ – samanburður eftir stofnanaflokkum. (%)



Um ⅓ hlutar stofnana hafa skriflega jafnréttisáætlun. Hjá minnihluta stofnana með innan við 20 ársverk, eða um 4 af hverjum 10, er í gildi jafnréttisáætlun. Hlutfallið er breytilegt eftir flokkum stofnana. Hjá nokkrum stofnanaflokkum höfðu allar þáttökustofnanir jafnréttisáætlun, hjá æðstu stjórnarsýslu, stofnunum sem sinna skatta- og tollamálum og stofnunum í flokknum „aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta“ (sjá stofnanaflokka í viðauka). Lægst var hlutfallið 22% hjá heilbrigðisstofnunum, næstlægst 43% hjá sýslumannsembættum, löggæslu og fangelsum.


Mynd 9: Er stofnunin með skriflega jafnréttisáætlun? Samanburður eftir stærð stofnana. (%)



Starfslýsingar og upphaf starfs


Hjá u.þ.b. tveimur stofnunum af hverjum þremur er í gildi skrifleg starfslýsing fyrir alla starfsmenn. Í einungis 7-8% tilvika eru starfslýsingar ekki til. Mikil breyting hefur orðið á notkun starfslýsinga á undanförunum árum. Samkvæmt könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 1998 hafði einungis fjórðungur stofnana starfslýsingar fyrir öll störf, rúmur helmingur fyrir hluta starfa og tæplega 20% höfðu engar starfslýsingar. Sjaldgæfast er að starfslýsingar séu til fyrir alla starfsmenn sýslumannsembætta, löggæslu, fangelsa og heilbrigðisstofnana. Samkvæmt könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 2006 töldu 18% starfsmanna að ekki væri í gildi starfslýsing fyrir eigið starf, 16% vissu það ekki og 50% sögðu að hún væri sjaldan eða aldrei notuð.

Mynd 10: eru í gildi skriflegar starfslýsingar fyrir starfsmenn stofnunarinnar? (%)




Tæplega 30% stofnana hafa á undanförunum tveimur árum leitað til ráðningarskrifstofa vegna auglýsinga um umsóknir um stjórnunarstörf en 36% vegna umsókna um önnur störf. Hjá 16-17% stofnana er oft eða nær alltaf sóst eftir slíkri þjónustu. Samanborið við niðurstöður könnunar frá 1998 er greinilegt að umtalsverð aukning hefur orðið á notkun ráðningarskrifstofa hjá opinberum stofnunum. Þegar einstakir stofnanaflokkar eru skoðaðir kemur í ljós að æðsta stjórnsýsla og stofnanir á sviði félags- og lýðheilsamála nota oft eða alltaf ráðningarskrifstofur eða um helmingur stofnana í þessum flokkum. Minni stofnanir nýta sér oftast en þær stærri þjónustu ráðningarskrifstofa við ráðningu annarra starfsmanna en stjórnenda.

Mynd 11: Hversu oft á undanförunum tveimur árum hefur verið leitað til ráðningar-skrifstofa vegna starfsauglýsinga? (%)



Skoðað var hvaða aðferðir ríkisstofnanir nota við mat á umsækjendum um störf. Tvær aðferðir eru algengastar. Önnur er að hafa samband við fyrri vinnuveitendur eða meðmælendur sem tilgreindir eru í starfsumsókn en hin felst í að taka almenn viðtöl við umsækjendur þar sem spurningar eru ekki staðlaðar og geta verið breytilegar frá einum umsækjenda til annars. Einnig er stuðst við meðmælabréf. Nokkuð er um stöðluð viðtöl þar sem fyrirfram ákveðnar spurningar eru lagðar fyrir alla umsækjendur. Stærri stofnanir sem hafa meiri sérþekkingu á sviði mannauðsstjórnunar virðast frekar styðjast við þessa aðferð. Aðrar aðferðir, eins og sálfræðileg próf eða úrlausn verkefna, eru lítið notaðar.


Mynd 12: Í hve miklum mæli notar stofnunin eftirtaldar aðferðir/tæki við mat á umsækjendum? (%)



Hjá 42% stofnana eru oft eða nær alltaf notaðir gátlistar við móttöku nýliða en 39% stofnana nota aldrei slíka lista.

Algengast er að stuðst sé við hefðbundnar aðferðir þegar nýjum starfsmönnum er leiðbeint, þ.e. þeir fá aðstoð vinnufélaga eða yfirmanns. Þessar niðurstöður eru mjög sambærilegar niðurstöðum könnunar meðal ríkisstarfsmanna á starfsumhverfi þeirra 2006.

Mynd 13: Hvernig er starfsmönnum að jafnaði leiðbeint þegar þeir hefja nýtt starf? (%)



Hjá u.þ.b. tveimur stofnunum af hverjum þremur er frammistaða nýráðinna starfsmanna oft eða nær alltaf metin á reynslutímanum áður en ákvörðun er tekin um ótímabundna ráðningu. Þetta hlutfall er svipað hvort sem um er að ræða stjórnunarstörf eða önnur störf.


Starfsþróun

Árið 2007 voru 27% ríkisstofnana með skriflega sí- og endurmenntunaráætlun fyrir stofnunina í heild, 21% fyrir skilgreinda hópa innan stofnunar og 17% fyrir einstaka starfsmenn, sem gjarnan eru unnar í kjölfar starfsmannasamtals.

Langalgengast er að sí- og endurmenntun starfsmanna felist í námskeiðum, ráðstefnum og fræðslufundum sem varða fagleg viðfangsefni stofnunar og haldin eru af utanaðkomandi aðilum. Alls 60% forstöðumanna segja þessa leið mikið farna og um 37% talsvert. Nokkur breytileiki er milli stofnanaflokka. Tæplega 9 af hverjum 10 stofnunum sem sinna félags- og lýðheilsumálum fara þessa leið við sí- og endurmenntun. Hlutfallið er lægst hjá framhalds- og háskólum en þar eru námskeið mikið nýtt hjá helmingi stofnana.

Hjá fjórðungi stofnana eru námskeið innan stofnunar mikið notuð og 4 stofnanir af hverjum 10 nota þau talsvert. Eins og á við um námskeið haldin af utanaðkomandi aðilum nýta stofnanir í félags- og lýðheilsumálum sér mest þennan kost en framhalds- og háskólar í talsverðum mæli einnig.

Mynd 14: Hve mikið eru neðangreindar aðferðir notaðar við sí- og endurmenntun starfsmanna? (%)



Tæplega tvær stofnanir af hverjum þremur nýta sér mikið eða talsvert námskeið á vegum stéttarfélaganna eða tengdra fræðslusetra. Nær allar heilbrigðisstofnanir nýta sér námskeið af þessu tagi, 8 framhalds- og háskólar af hverjum 10 en sjaldnast æðsta stjórnarsýsla (tæpur fjórðungur).


Jafningjafræðsla, sem felst í því að starfsfélagar miðla hver til annars á formlegan hátt, er notuð mikið af 12% stofnana og töluvert af 48%. Sjálfsnám starfsmanna, svo sem á netinu eða með lestri bóka og fagtímarita, er stundað í miklum mæli hjá 10% stofnana og í talsverðum mæli hjá 37% þeirra. Algengast er að þessi aðferð sé notuð hjá starfsmönnum framhalds- og háskóla.

Hluti stofnana nýtir í talsverðum mæli almennt nám í framhalds- eða háskólum eða sérhæft lengra nám (þriggja mánaða eða lengra) sem í boði er hjá endurmenntunarstofnunum, sérskólum eða háskólum. Tæplega 4 stofnanir af hverjum 10 fara þessar leiðir. Í báðum tilvikum er það starfsfólk framhalds- og háskóla sem helst nýtir sér þessa leið til sí- og endurmenntunar en einnig starfsfólk æðstu stjórnarsýslu. Stofnanir skatta- og tollamála nýta þessa leið að litlu sem engu leyti.

Hjá u.þ.b. 2 af hverjum 10 stofnunum er í talsverðum mæli stuðst við fóstur- eða tenglakerfi eða þjálfun sótt til birgja eða seljanda sérhæfðs tækja- og hugbúnaðar. Fóstur- eða tenglakerfi er talsvert notað í stofnanaflokknum „aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta“, hjá heilbrigðisstofnunum og stofnunum á sviði félags- og lýðheilsamála. Lítið er um að aðferðin sé notuð hjá æðstu stjórnarsýslu ríkisins.

Spurt var um áhrif starfsmanna á mat á þörf fyrir sí- og endurmenntun. Í tæplega helmingi tilvika telja forstöðumenn að starfsmenn sjálfir hafi mikil áhrif og jafnhátt hlutfall að þeir hafi nokkur áhrif. Næsti yfirmaður, starfsmannastjórar og starfsmannasvið/-deild eru einnig talin hafa áhrif en ekki eins mikil og starfsmennirnir sjálfir. Stéttarfélög hafa í meirihluta tilvika lítil eða engin áhrif á þetta mat. Áhrif stéttarfélaganna virðast þó vera breytileg eftir stofnanaflokkum en rúmur helmingur forstöðumanna heilbrigðisstofnana og framhalds- og háskóla telur stéttarfélög hafa nokkur eða mikil áhrif.


Mynd 15: Hversu mikil áhrif telur þú að eftirtaldir aðilar hafi á mat á þörf fyrir sí- og endurmenntun starfsmanna hjá stofnuninni? (%)



Starfsmannasamtöl og mat á frammistöðu


Niðurstöður könnunar meðal forstöðumanna ríkisstofnana sýna að starfsmannasamtöl hafa fest sig í sessi sem aðferð við mannauðsstjórnun. Hjá helmingi ríkisstofnana fara starfsmannasamtöl fram einu sinni eða oftár á ári og hjá þriðjungi þeirra á tveggja ára fresti eða sjaldnar. Hjá einungis 15% stofnana fara ekki fram formleg starfsmannasamtöl. Hjá öllum þátttökustofnunum í stofnanaflokknum „aðrar stofnanir, fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta“ og æðstu stjórnarsýslu fara fram starfsmannasamtöl en sjaldnast eru þau viðhöfð hjá heilbrigðisstofnunum eða hjá rúmlega helmingi þeirra. Fámennustu stofnanirnar nota sjaldnar formleg starfsmannasamtöl, tæplega 6 af hverjum 10 stofnunum með innan við 20 ársverk nota aðferðina en rúmlega 9 af hverjum 10 þeirra sem fjölmennari eru. Samkvæmt niðurstöðum könnunar meðal ríkisstarfsmanna 2006 hafði einungis hluti ríkisstarfsmanna farið í formlegt starfsmannasamtal, en 47% höfðu farið í formlegt starfsmannasamtal tvö undangengin ár, þar af rúmlega helmingur starfsmanna æðstu stjórnarsýslu.

Mynd 16: Fara fram formleg starfsmannasamtöl milli stjórnenda og starfsfólks? Samanburður eftir stofnanaflokkum. (%)




Hjá tæpum helmingi þátttökustofnana er frammistaða starfsmanna metin skipulega. Hlutfallið er misjafnt eftir stofnanaflokkum. Hjá framhalds- og háskólum er hlutfallið 8 af hverjum 10 en 1 af hverjum 4 hjá heilbrigðisstofnunum, sýslumannsembættum, löggæslu og fangelsum. Fjórðungur fámennustu stofnananna, með innan við 20 ársverk, metur frammistöðu starfsmanna með skipulögðum hætti en tæplega 6 af hverjum 10 með 50 ársverk eða fleiri.

Mynd 17: Er frammistaða starfsmanna metin með skipulögðum hætti? Samanburður eftir stofnanaflokkum. (%)




Fengið var mat forstöðumanna á því hvort tekið væri á ófullnægjandi frammistöðu starfsmanna þeirrar stofnunar sem þeir stýra. Alls 65% forstöðumanna voru því sammála, þar af 13% mjög sammála. Hæst var hlutfallið meðal forstöðumanna stofnana í floknum „aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta“ (84%) en lægst meðal forstöðumanna stofnana atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála (54%) og framhalds- og háskóla (55%).

Mynd 18: Tekið er á ófullnægjandi frammistöðu starfsmanna stofnunarinnar – samanburður eftir stofnanaflokkum. (%)



Spurt var um hvort laun væru tengd frammistöðu. Alls 58% forstöðumanna sögðu að svo væri. Allir sem tilheyra æðstu stjórnarsýslu sögðu að frammistaða hefði áhrif á laun en eingöngu 22% forstöðumanna heilbrigðisstofnana og 25% forstöðumanna í flokknum „aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta“. Ekki er mikill munur á þessu hlutfalli eftir stærð stofnana.


Mynd 19: Eru laun tengd frammistöðu starfsmanna? Samanburður eftir stofnanaflokkum. (%)



Mat forstöðumanna á gagnsemi aðferða við mannauðsstjórnun

Forstöðumenn voru spurðir hversu mikil áhrif, jákvæð eða neikvæð, ýmis verkfæri á sviði mannauðsstjórnunar hefðu á starfsemi stofnunar sem þeir stýrðu. Í heildina litið telja forstöðumenn að þessi verkfæri hafi jákvæð áhrif. Alls telja 20% að starfsmannasamtöl hafi mjög jákvæð áhrif og 63% jákvæð. Svipaða umsögn fá sí- og endurmenntunaráætlanir og starfsmannastefna. Oftast er nefnt að jafnréttisáætlun, breytingar á launatöflum og frammistöðutenging launa hafi engin áhrif. Þó hefur eingöngu um þriðjungur forstöðumanna þá afstöðu. Breytileiki er í svörum eftir stofnanaflokkum. Þannig töldu einungis 29% stofnana skatta- og tollamála að jafnréttisáætlanir hefðu jákvæð áhrif en 88% sýslumannsembætta, löggæslu og fangelsa. Einnig er umtalsverð breidd í mati forstöðumanna á áhrifum starfsmannastefnu. Alls 9 ráðuneytisstjórar af hverjum 10 töldu að starfsmannastefna hefði jákvæð áhrif á ráðuneytið sem þeir veita forstöðu en 6 af hverjum 10 forstöðumönnum heilbrigðisstofnana. Um þriðjungur forstöðumanna heilbrigðisstofnana telur að frammistöðutenging launa hafi jákvæð áhrif á stofnunina en tæplega ⅓ hlutar forstöðumanna „annarra mennta-, menningar- og vísindastofnana“ telja svo vera.

Mynd 20: Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hafa eftirfarandi verkefni og aðgerðir haft á starfsemi stofnunarinnar? (%)



Viðauki 1 – Niðurstöðutöflur

Tafla 2 (spurning 3)

Hvaða starfseiningu tilheyrir stjórnun starfsmannamála hjá stofnun þinni? (%)

	Tilheyrir fjármálasviði/-deild eða sambærilegri starfseiningu	Tilheyrir rekstrarsviði/-deild eða sambærilegri starfseiningu	Tilheyrir starfsmanna-sviði/-deild eða sambærilegri starfseiningu	Er að mestu eða öllu leyti sinnt af forstöðumanni	Annað fyrirkomulag
<i>Heild</i>	13	13	12	42	21
<i>Stofnanaflokkar</i>					
Æðsta stjórnarsýsla	9	27	18	18	27
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	19	0	19	48	15
Skatta- og tollamál	0	13	13	63	13
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	22	22	11	33	11
Heilbrigðisstofnanir	11	6	22	33	28
Félags- og lýðheilsamál	0	8	8	38	46
Framhalds- og háskólar	3	17	7	55	17
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	23	8	8	54	8
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	25	21	4	29	21
<i>Stærðarflokkar</i>					
Innan við 20 ársverk	3	0	3	88	6
20-49 ársverk	17	10	8	42	23
50-99 ársverk	12	28	7	19	35
100 ársverk eða fleiri	22	11	33	22	11

Tafla 3 (spurning 4)

Er sérstakur starfsmaður hjá stofnuninni sem sinnir eingöngu starfsmannamálum og ber starfsheitið starfsmannastjóri eða sambærilegt? (%)

	Já	Nei
<i>Heild</i>	21	79
<i>Stofnanaflokkar</i>		
Æðsta stjórnarsýsla	27	73
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	26	74
Skatta- og tollamál	25	75
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	33	67
Heilbrigðisstofnanir	17	83
Félags- og lýðheilsamál	23	77
Framhalds- og háskólar	14	86
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	8	92
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	25	75
<i>Stærðarflokkar</i>		
Innan við 20 ársverk	9	91
20-49 ársverk	8	92
50-99 ársverk	21	79
100 ársverk eða fleiri	59	41

Tafla 4 (spurning 5)**Í höndum hvaða starfsmanna eru ráðningar? Skráið starfsheiti allra. (%)**

	Forstöðu- maður	Starfsmanna- stjóri	Aðrir	Fjöldi (N)
<i>Heild</i>	76	18	63	154
<i>Stofnanaflokkar</i>				
Æðsta stjórnarsýsla	70	20	80	10
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	74	7	78	27
Skatta- og tollamál	75	25	75	8
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	56	22	44	9
Heilbrigðisstofnanir	78	22	94	18
Félags- og lýðheilsamál	69	31	62	13
Framhalds- og háskólar	89	11	46	28
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	92	8	46	13
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	68	25	50	28
<i>Stærðarflokkar</i>				
Innan við 20 ársverk	94	3	22	152
20-49 ársverk	77	10	73	32
50-99 ársverk	71	12	78	52
100 ársverk eða fleiri	59	59	67	41

Tafla 5 (spurning 18)**Er stofnunin með skriflega starfsmannastefnu? (%)**

	Já	Nei
<i>Heild</i>	63	37
<i>Stofnanaflokkar</i>		
Æðsta stjórnarsýsla	55	45
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	42	58
Skatta- og tollamál	50	50
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	78	22
Heilbrigðisstofnanir	44	56
Félags- og lýðheilsamál	85	15
Framhalds- og háskólar	76	24
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	38	62
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	82	18
<i>Stærðarflokkar</i>		
Innan við 20 ársverk	23	77
20-49 ársverk	65	35
50-99 ársverk	86	14
100 ársverk eða fleiri	70	30

Tafla 6 (spurning 18.2)**Hefur starfsmannastefnan verið endurskoðuð? (%)**

	Já	Nei
<i>Heild</i>	53	47
<i>Stofnanaflokkar</i>		
Æðsta stjórnarsýsla	67	33
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	27	73
Skatta- og tollamál	75	25
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	29	71
Heilbrigðisstofnanir	38	63
Félags- og lýðheilsamál	60	40
Framhalds- og háskólar	55	45
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	80	20
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	59	41
<i>Stærðarflokkar</i>		
Innan við 20 ársverk	43	57
20-49 ársverk	44	56
50-99 ársverk	56	44
100 ársverk eða fleiri	67	33

Tafla 7 (spurning 18.3)**Hverjir tóku þátt í mótun starfsmannastefnunnar? (%)**

a) Forstöðumaður

	Tók(u) mikinn þátt	Tók(u) töluverðan þátt	Tók(u) lítinn þátt	Tók(u) ekki þátt
<i>Heild</i>	75	23	2	0
<i>Stofnanaflokkar</i>				
Æðsta stjórnarsýsla	83	0	17	0
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	82	9	9	0
Skatta- og tollamál	75	25	0	0
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	86	14	0	0
Heilbrigðisstofnanir	50	50	0	0
Félags- og lýðheilsamál	82	18	0	0
Framhalds- og háskólar	86	14	0	0
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	80	20	0	0
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	59	41	0	0
<i>Stærðarflokkar</i>				
Innan við 20 ársverk	86	14	0	0
20-49 ársverk	91	9	0	0
50-99 ársverk	69	25	6	0
100 ársverk eða fleiri	53	47	0	0

Tafla 7 (spurning 18.3)**Hverjir tóku þátt í mótun starfsmannastefnunnar? (%)**

b) Millistjórnendur/aðrir stjórnendur

	Tók(u) mikinn þátt	Tók(u) töluverðan þátt	Tók(u) lítinn þátt	Tók(u) ekki þátt
<i>Heild</i>	66	32	2	0
<i>Stofnanaflokkar</i>				
Æðsta stjórnarsýsla	83	0	17	0
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	45	45	9	0
Skatta- og tollamál	25	75	0	0
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	57	43	0	0
Heilbrigðisstofnanir	63	38	0	0
Félags- og lýðheilsamál	100	0	0	0
Framhalds- og háskólar	76	24	0	0
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	80	20	0	0
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	52	48	0	0
<i>Stærðarflokkar</i>				
Innan við 20 ársverk	86	14	0	0
20-49 ársverk	67	30	3	0
50-99 ársverk	68	29	3	0
100 ársverk eða fleiri	53	47	0	0

c) Aðrir starfsmenn

	Tók(u) mikinn þátt	Tók(u) töluverðan þátt	Tók(u) lítinn þátt	Tók(u) ekki þátt
<i>Heild</i>	23	40	32	5
<i>Stofnanaflokkar</i>				
Æðsta stjórnarsýsla	83	0	17	0
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	20	30	50	0
Skatta- og tollamál	0	25	75	0
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	14	57	29	0
Heilbrigðisstofnanir	13	13	38	38
Félags- og lýðheilsamál	44	33	22	0
Framhalds- og háskólar	14	48	38	0
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	20	40	40	0
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	19	57	14	10
<i>Stærðarflokkar</i>				
Innan við 20 ársverk	43	57	0	0
20-49 ársverk	26	42	29	3
50-99 ársverk	17	37	43	3
100 ársverk eða fleiri	22	33	28	17

Tafla 7 (spurning 18.3)**Hverjir tóku þátt í mótun starfsmannastefnunnar? (%)**

d) Ráðuneyti sem stofnunin tilheyrir

	Tók(u) mikinn þátt	Tók(u) töluverðan þátt	Tók(u) lítinn þátt	Tók(u) ekki þátt
<i>Heild</i>	0	5	3	97
<i>Stofnanaflokkar</i>				
Æðsta stjórnarsýsla	0	0	0	0
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	0	50	17	83
Skatta- og tollamál	0	0	25	75
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	0	0	0	100
Heilbrigðisstofnanir	0	0	0	100
Félags- og lýðheilsamál	0	0	0	100
Framhalds- og háskólar	0	0	0	100
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	0	0	0	100
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	0	0	0	100
<i>Stærðarflokkar</i>				
Innan við 20 ársverk	0	0	0	100
20-49 ársverk	0	11	5	95
50-99 ársverk	0	0	4	96
100 ársverk eða fleiri	0	7	0	100

e) Utanaðkomandi ráðgjafi/-ar

	Tók(u) mikinn þátt	Tók(u) töluverðan þátt	Tók(u) lítinn þátt	Tók(u) ekki þátt
<i>Heild</i>	9	8	8	74
<i>Stofnanaflokkar</i>				
Æðsta stjórnarsýsla	50	0	0	50
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	0	11	0	89
Skatta- og tollamál	0	0	0	100
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	0	17	17	67
Heilbrigðisstofnanir	25	0	0	75
Félags- og lýðheilsamál	11	0	11	78
Framhalds- og háskólar	0	13	13	75
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	33	0	0	67
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	7	13	13	67
<i>Stærðarflokkar</i>				
Innan við 20 ársverk	0	0	0	100
20-49 ársverk	9	4	9	78
50-99 ársverk	10	7	10	72
100 ársverk eða fleiri	13	19	6	63

Tafla 8 (spurning 18.4)**Hvaða efniviður var notaður við mótun starfsmannastefnunnar? (%)**

a) Gildandi heildarstefna og/eða markmið stofnunarinnar

	Mikið notað	Talsvert notað	Lítið notað	Ekkert notað
<i>Heild</i>	58	39	3	0
<i>Stofnanaflokkar</i>				
Æðsta stjórnarsýsla	50	50	0	0
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	36	55	9	0
Skatta- og tollamál	75	25	0	0
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	57	43	0	0
Heilbrigðisstofnanir	63	38	0	0
Félags- og lýðheilsamál	80	20	0	0
Framhalds- og háskólar	42	47	11	0
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	80	20	0	0
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	65	35	0	0
<i>Stærðarflokkar</i>				
Innan við 20 ársverk	86	14	0	0
20-49 ársverk	61	39	0	0
50-99 ársverk	52	39	9	0
100 ársverk eða fleiri	53	47	0	0

b) Gildandi lög og/eða aðrar formlegar reglur

	Mikið notað	Talsvert notað	Lítið notað	Ekkert notað
<i>Heild</i>	45	41	12	2
<i>Stofnanaflokkar</i>				
Æðsta stjórnarsýsla	50	33	0	17
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	36	55	9	0
Skatta- og tollamál	50	25	25	0
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	29	57	14	0
Heilbrigðisstofnanir	63	38	0	0
Félags- og lýðheilsamál	45	36	18	0
Framhalds- og háskólar	38	52	10	0
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	80	0	20	0
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	43	38	14	5
<i>Stærðarflokkar</i>				
Innan við 20 ársverk	57	14	29	0
20-49 ársverk	42	42	9	6
50-99 ársverk	44	47	8	0
100 ársverk eða fleiri	44	39	17	0

Tafla 8 (spurning 18.4)**Hvaða efniviður var notaður við mótun starfsmannastefnunnar? (%)**

c) Kjarasamningar

	Mikið notað	Talsvert notað	Lítið notað	Ekkert notað
<i>Heild</i>	15	33	40	12
<i>Stofnanaflokkar</i>				
Æðsta stjórnarsýsla	17	50	33	0
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	30	10	40	20
Skatta- og tollamál	0	25	75	0
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	14	14	57	14
Heilbrigðisstofnanir	0	88	13	0
Félags- og lýðheilsamál	20	20	40	20
Framhalds- og háskólar	19	33	38	10
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	60	20	0	20
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	0	35	50	15
<i>Stærðarflokkar</i>				
Innan við 20 ársverk	0	43	57	0
20-49 ársverk	22	28	25	25
50-99 ársverk	15	26	53	6
100 ársverk eða fleiri	11	50	33	6

d) Niðurstöður starfsmannakönnunar og/eða vinnustaðagreiningar

	Mikið notað	Talsvert notað	Lítið notað	Ekkert notað
<i>Heild</i>	8	24	31	37
<i>Stofnanaflokkar</i>				
Æðsta stjórnarsýsla	0	50	33	17
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	10	20	30	40
Skatta- og tollamál	0	0	75	25
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	29	14	0	57
Heilbrigðisstofnanir	0	25	25	50
Félags- og lýðheilsamál	30	20	30	20
Framhalds- og háskólar	0	25	35	40
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	20	20	20	40
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	0	30	35	35
<i>Stærðarflokkar</i>				
Innan við 20 ársverk	29	0	29	43
20-49 ársverk	6	23	26	45
50-99 ársverk	9	29	35	26
100 ársverk eða fleiri	0	28	33	39

Tafla 8 (spurning 18.4)**Hvaða efniviður var notaður við mótun starfsmannastefnunnar? (%)**

e) Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal viðskiptavina

	Mikið notað	Talsvert notað	Lítið notað	Ekkert notað
<i>Heild</i>	1	9	27	63
<i>Stofnanaflokkar</i>				
Æðsta stjórnarsýsla	0	0	20	80
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	0	0	20	80
Skatta- og tollamál	0	0	25	75
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	14	0	29	57
Heilbrigðisstofnanir	0	25	25	50
Félags- og lýðheilsamál	0	0	50	50
Framhalds- og háskólar	0	10	30	60
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	0	20	20	60
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	0	15	20	65
<i>Stærðarflokkar</i>				
Innan við 20 ársverk	0	0	29	71
20-49 ársverk	0	10	20	70
50-99 ársverk	3	9	35	53
100 ársverk eða fleiri	0	11	22	67

f) Óskráðar reglur eða hefðir innan stofnunarinnar

	Mikið notað	Talsvert notað	Lítið notað	Ekkert notað
<i>Heild</i>	26	50	20	4
<i>Stofnanaflokkar</i>				
Æðsta stjórnarsýsla	50	17	33	0
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	22	56	22	0
Skatta- og tollamál	25	25	25	25
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	43	57	0	0
Heilbrigðisstofnanir	13	50	38	0
Félags- og lýðheilsamál	40	50	10	0
Framhalds- og háskólar	15	65	20	0
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	40	40	20	0
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	19	48	19	14
<i>Stærðarflokkar</i>				
Innan við 20 ársverk	14	71	14	0
20-49 ársverk	19	52	23	6
50-99 ársverk	38	44	15	3
100 ársverk eða fleiri	17	50	28	6

Tafla 8 (spurning 18.4)**Hvaða efniviður var notaður við mótun starfsmannastefnunnar? (%)**

g) Starfsmannastefna annarra stofnana og/eða fyrirtækja

	Mikið notað	Talsvert notað	Lítið notað	Ekkert notað
<i>Heild</i>	20	59	15	5
<i>Stofnanaflokkar</i>				
Æðsta stjórnarsýsla	17	50	17	17
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	45	36	0	18
Skatta- og tollamál	25	50	25	0
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	0	71	29	0
Heilbrigðisstofnanir	25	50	25	0
Félags- og lýðheilsamál	36	55	9	0
Framhalds- og háskólar	10	71	14	5
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	40	40	20	0
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	10	70	15	5
<i>Stærðarflokkar</i>				
Innan við 20 ársverk	29	71	0	0
20-49 ársverk	18	58	9	15
50-99 ársverk	20	63	17	0
100 ársverk eða fleiri	22	50	28	0

Tafla 9 (spurning 19)**Er stofnunin með skriflega jafnréttisáætlun? (%)**

	Já	Nei
<i>Heild</i>	67	33
<i>Stofnanaflokkar</i>		
Æðsta stjórnarsýsla	100	0
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	43	57
Skatta- og tollamál	100	0
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	100	0
Heilbrigðisstofnanir	22	78
Félags- og lýðheilsamál	62	38
Framhalds- og háskólar	73	27
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	58	42
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	84	16
<i>Stærðarflokkar</i>		
Innan við 20 ársverk	38	62
20-49 ársverk	72	28
50-99 ársverk	80	20
100 ársverk eða fleiri	73	27

Tafla 12 (spurning 18.5)

Til hvaða þátta tekur starfsmannastefnan? (%)

	Jafnvægis á milli vinnu og einkalífs	Framtíðar-áætlunar um starfsmannaþörf	Ráðninga	Móttöku nýliða	Fjöldi (N)
<i>Heild</i>	70	18	74	65	96
<i>Stofnanaflokkar</i>					
Æðsta stjórnarsýsla	83	50	83	50	6
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	82	18	73	64	11
Skatta- og tollamál	100	0	75	25	4
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	71	14	100	86	7
Heilbrigðisstofnanir	50	25	88	88	8
Félags- og lýðheilsamál	64	27	91	73	11
Framhalds- og háskólar	64	18	73	68	22
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	60	20	60	60	5
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	95	9	77	82	22
<i>Stærðarflokkar</i>					
Innan við 20 ársverk	57	14	57	86	7
20-49 ársverk	82	30	70	58	33
50-99 ársverk	70	14	92	76	37
100 ársverk eða fleiri	77	8	77	69	13

* Hlutfall reiknað af heildarfjölda svarenda. Heildarfjöldi svara var 96, þar af nefndu 67 (70%) jafnvægi á milli vinnu og einkalífs, 17 (18%) framtíðaráætlunar um starfsmannaþörf, 71 (74%) ráðningar og 62 (65%) móttöku nýliða.

Tafla 13 (spurning 18.5)

Til hvaða þátta tekur starfsmannastefnan? (%)

	Starfsmanna samtala	Sí- og endurmenntunar og starfsþróunar	Launa	Starfsloka	Fjöldi (N)
<i>Heild</i>	68	80	32	34	96
<i>Stofnanaflokkar</i>					
Æðsta stjórnarsýsla	83	100	33	33	6
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	73	91	36	45	11
Skatta- og tollamál	100	75	50	25	4
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	86	100	57	57	7
Heilbrigðisstofnanir	88	88	38	50	8
Félags- og lýðheilsamál	64	82	27	27	11
Framhalds- og háskólar	50	68	32	32	22
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	80	100	60	40	5
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	77	95	32	45	22
<i>Stærðarflokkar</i>					
Innan við 20 ársverk	57	71	14	14	7
20-49 ársverk	82	30	70	58	33
50-99 ársverk	70	14	92	76	37
100 ársverk eða fleiri	77	8	77	69	13

* Hlutfall reiknað af heildarfjölda svarenda. Heildarfjöldi svara var 96, þar af nefndu 65 (68%) starfsmannasamtöl, 77 (80%) sí- og endurmenntunaráætlanir og starfsþróun, 31 (32%) laun og 33 (34%) starfslok.

Tafla 14 (spurning 18.5)

Til hvaða þátta tekur starfsmannastefnan? (%)

	Annarra þátta	Fjöldi (N)
<i>Heild</i>	15	96
<i>Stofnanaflokkar</i>		
Æðsta stjórnarsýsla	33	6
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	18	11
Skatta- og tollamál	0	4
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	0	7
Heilbrigðisstofnanir	0	8
Félags- og lýðheilsamál	18	11
Framhalds- og háskólar	14	22
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	0	5
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	23	22
<i>Stærðarflokkar</i>		
Innan við 20 ársverk	0	7
20-49 ársverk	21	33
50-99 ársverk	14	37
100 ársverk eða fleiri	15	13

* Hlutfall reiknað af heildarfjölda svarenda. Heildarfjöldi svara var 96, þar af nefndur 14 (15%) önnur mál.

Tafla 15 (spurning 18.6)

Hvar/hvernig er starfsmannastefnunni komið á framfæri til starfsfólks? (%)

	Á vefsíðu stofnunarinnar	Í upplýsingakerfi stofnunarinnar, s.s. á innri vef	Í sérstakri starfsmannahandbók	Í sameiginlegu rými stofnunarinnar	Fjöldi (N)
<i>Heild</i>	45	55	53	11	95
<i>Stofnanaflokkar</i>					
Æðsta stjórnarsýsla	17	67	83	17	6
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	45	27	9	27	11
Skatta- og tollamál	50	75	50	0	4
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	43	71	71	0	7
Heilbrigðisstofnanir	50	63	38	13	8
Félags- og lýðheilsamál	36	45	73	0	11
Framhalds- og háskólar	64	36	41	9	22
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	20	80	60	40	5
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	43	71	67	5	21
<i>Stærðarflokkar</i>					
Innan við 20 ársverk	29	57	57	0	7
20-49 ársverk	36	48	52	15	33
50-99 ársverk	50	47	58	8	36
100 ársverk eða fleiri	62	77	62	8	13

